Samtök fjármálafyrirtækja

Samráðsgátt
Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Mál nr. 225/2022

Reykjavík, 2. desember 2022

Efni: Umsögn um drög að um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og við endurnotkun á tryggingu, mál nr. 225/2022 í samráðsgátt.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til framangreindra frumvarpsdraga og þakka fyrir tækifærið til að veita umsögn um málið. Ánægjulegt er að tekið hefur verið að hluta tillit til athugasemda sem SFF sendu í samráðsgátt vegna áforma um lagasetninguna. SFF bentu á í umsögn um áformin að bankar þurfi nokkuð langan tíma til undirbúnings til að geta uppfyllt tilkynningarskyldu um viðskipti samkvæmt hinum nýju reglum. Óskað var eftir að sá aðlögunartími yrði a.m.k. eitt ár frá gildistöku nýrra laga. Í frumvarpsdrögunum er lagt til að lögin taki gildi *þann* 1. júlí 2023. SFF telja þann aðlögunartíma of skamman.

SFF vilja nota þetta tækifæri og ítreka beiðni um lengri aðlögunartíma til að tryggja að innleiðing verði framkvæmd með fullnægjandi lausnum og prófunum. Sérstaklega er bent á að afar óheppilegt er að ný lög taki gildi á sumarleyfistíma.

Virðingarfyllst,

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

sff@sff.is

www.sff.is